

Miðvikudaginn 2. mars 1983.

Nr. 107/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Ríkarði Erni Jónssyni

(Steján Pálsson hrl.).

Líkamsárás. Skaðabótakröfu vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Guðjón Magnússon, fulltrúi sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að kröfu ákærða með stefnu 23. mars 1982.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd.

Ágrip barst Hæstarétti 15. júlí 1982.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms, en sakfelling er byggð á skýlausri játningu ákærða. Hafa ber þá jafnframt í huga frásögn ákærða af tildrögum fyrstu ársar hans á Kristján Laxfoss Hávarðarson og einnig af viðskiptum unnustu ákærða og Kristjáns. Þykir verða að byggja á frásögn ákærða af þeim atvikum. Hins vegar er á það fallist með héraðsdómara, að háttsemi Kristjáns Laxfoss hafi ekki gefið ákærða tilefni til hinna hörðu og ítrekuðu árása.

Brot ákærða varðar við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1981, 11. gr., og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi.

Skaðabótakrafa Kristjáns Laxfoss Hávarðarsonar var ekki borin undir ákærða, svo sem boðið er í niðurlagsákvæði 145. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974. Hluti bótakröfunnar er vegna vinnutaps tjónþola. Er þar að nokkru miðað við afla, sem lagður var upp hinn 4. nóvember 1978 eða áður en bótakrefjandi varð fyrir tjóni. Í málinu er ekki gerð grein fyrir því, hversu lengi bótekrefjandi var frá vinnu, og ekki heldur, hvernig aflahlutur er reiknaður út frá heildarafla skips.

Af framangreindum ástæðum þykir verða að ómerkja hinn áfrýj-
aða dóm að því er skaðabótakröfuna varðar og vísa henni frá saka-
dómi.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað í héraði og
fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, samtals
7.000.00 krónur, og málsóknarlaun skipaðs verjanda síns í héraði
og fyrir Hæstarétti, samtals 7.000.00. krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ríkarður Örn Jónsson, sæti fangelsi 2 mánuði.

Hann greiði allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti,
þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, samtals 7.000.00 krón-
ur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir
Hæstarétti, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmans, samtals
7.000.00 krónur.

Ákvæði hins áfrýjanda dóms um skaðabætur skulu vera
ómerk, og er framangreindri skaðabótakröfu vísað frá saka-
dómi.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Suður-Múlasýslu 26. júní 1981.

1.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 5. þ.
m., er höfðað af ákæruvaldinu með ákæruskjali, dagsettu 18. desember
1980, „á hendur Ríkarði Erni Jónssyni sjómanni, Dagsbrún, Djúpavogi,
fæddum 22. nóvember 1955 í Reykjavík, fyrir að hafa sunnudagsnóttina
5. nóvember 1978, þá er ákærði var staddur á dansleik í samkomuhúsinu
Staðarborg, slegið þar margsinnis Kristján Borgþór Laxfoss Hávarðarson,
Brekkestíg 5 A, Vestmannaeyjum, hnefahögg í andlitið, fyrst inni í sam-
komuhúsinu og síðan utan þess, allt þar til lögreglan hafði afskipti af
Kristjáni Borgþór og flutti hann til Breiðdalsvíkur. Við læknisskoðun kom
í ljós, að Kristján Borgþór hafði hlotið brot á neðri kjálka báðum megin,
sem lagfæra þurfti með aðgerð, þar sem brotin voru sett saman í réttar
skorður og kjálkar að því búnu víraðir saman.

Telst þetta varða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu
skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Af hálfu ákærða hefur verið haldið uppi vörnum í máli þessu og aðallega krafist sýknu af kröfum ákærvaldsins, en til vara vægustu refsingar, sem lög leyfa.

II.

Samkvæmt skýrslu Benedikts Helga Benediktssonar, lögreglumanns á Fáskrúðsfirði, var hann sunnudaginn 5. nóvember 1978, kl. 0120, ásamt lögreglumönnum Þorsteini Kristjánssyni og Jóhanni Jóhannssyni við samkomuhúsið Staðarborg í Breiðdal, en þar fór fram dansleikur.

Sáu þeir, hvar mjög ölvaður maður kom út úr húsinu og virtist vera mjög æstur. Gekk maður þessi að bifeið, sem þarna stóð og reif af henni útvarpsstöng. Gekk maður þessi síðan bak við samkomuhúsið. Lögreglumenn fundu mann þennan skammt frá húsinu, þar sem hann lá og virtist sofa. Reyndist maður þessi heita Kristján Borgþór Laxfoss Hávarðarson og vera á báti frá Breiðdalsvík. Eftir að lögreglan hafði komið manni þessum á fætur, fór hún með hann inn í samkomuhúsið. Óku lögreglumenn síðan Kristjáni þessum á Breiðdalsvík til útgerðarmanns hans. Daginn eftir tjáði Kristján Laxfoss Benedikt H. Benediktssyni, að hann hefði verið sleginn á dansleikum og væri kjálkabrotinn. Fór Kristján þess á leit við Benedikt, að mál þetta yrði rannsakað.

Hinn 20. nóvember sama ár kærði Kristján Borgþór Laxfoss Hávarðarson skipstjóri, Brekkustíg 5, Vestmannaeyjum, til rannsóknarlögreglunnar líkamsárás, sem hann kvaðst hafa orðið fyrir á dansleik í Staðarborg í Breiðdal 4. sama mánaðar.

Í skýrslu, sem tekin var af Kristjáni Borgþór hjá rannsóknarlögreglunni, skýrir hann svo frá, að hann hefði farið á dansleik skammt frá Breiðdalsvík 4. nóvember. Hann kvaðst ekki hafa verið mikið drukkinn þar, því hann hefði ekki neytt nema fjögurra glasa af vínblöndu, en hins vegar verið þreyttur eftir langar vökur á skipi sínu.

Hann kvaðst muna til þess að hafa verið að sofna þreytusvefni á dansleik þessum, þegar einhver hafi sagt við hann: „stattu upp“. Hafi honum þá fundist sem hann væri að standa upp af stól. Hann kvaðst ekki muna frekar, hvað þarna hefði skeð, en hann kvað Benedikt Helga Benediktsson, Fáskrúðsfirði, hafa fundið sig liggjandi að húsabaki og farið með hann heim til útgerðarmanns skips síns. Hann kvaðst hafa vaknað þar næsta morgun og verið þá mjög aumur í kjálkanum og hafi það komið í ljós hjá héraðslækninum á Fáskrúðsfirði, að hann var kjálkabrotinn. Hafi hann af þeim ástæðum farið til Reykjavíkur til lækninga. Kristinn Borgþór kvaðst ekki muna aðdraganda meiðslanna, en honum hafi verið sagt, að stýrimaðurinn á Krossanesi, SU, hefði slegið hann á dansleikum.

Jón Viðir Arnórsson tannlæknir, háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans

í Reykjavík, lýsir meiðslum Kristjáns Borgþórs Laxfoss þannig í lækni-
vottorði, dagsettu 28. nóvember 1978:

„Ofangreindur sjúklingur kvaðst hafa verið sleginn á dansleik á Fá-
skrúðsfirði aðfaranótt sunnudagsins 5/11 1978. Sjúkl. kemur til Borgar-
spítalans í Reykjavík þann 7/11 1978 og lagður þar inn á háls-, nef- og
eyrnadeild til aðgerðar.

Við skoðun kom í ljós, að sjúkl. er mikið bólginn á hæ: kinn og amur
neðri kjálkinn viðkomu. Hann er dofinn á neðri vör hæ: megin. Fyrsti for-
jaxl hæ: megin er laus. Þessi kliniska skoðun er staðfest með röntgenmynd-
um, sem sýna brot á neðri kjálka á forjaxlasvæði hæ: megin og á processus
coronoideus vi. megin.

Aðgerð er gerð þann 8/11 1978 í svæfingu. Brotið sett í réttar skorður
og fest þannig saman með vírum og efri og neðri kjálki síðan festir saman
í réttu samanbiti, og þannig verður sjúkl. að vera í 4 vikur. Nauðsynlegt
reyndist að fjarlægja fyrsta forjaxl (4 +), sem sat í brotlinunni og var laus.

Sjúkl. er síðan útskrifaður af háls-, nef- og eyrnadeildinni þann 10/11
1978 og kemur í eftirlit til undirritaðs, þar til virfestingar hafa verið fjar-
lægðar.

Engir aðrir áverkar en þeir, sem nefndir hafa verið á neðri kjálka, komu
í ljós við skoðun á sjúkrahúsinu.“

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglunni í Suður-Múlasýslu 11. nóvember
1978 og síðan fyrir dómi 22. mars 1980. Hefur ákærði skýrt svo frá fyrir
dómi, að hann myndi ekki í smáatriðum eftir atvikum í sambandi við
greindan dansleik í Staðarborg í Breiðdal, en hann kvaðst muna vel eftir
útistöðum við skipstjóran á Drifunni. Ákærði kvaðst hafa komið á dans-
leikinn í bifreið frá Djúpavogi ásamt þeim Margræti Sigurðardóttur, Dags-
brún, Djúpavogi, Jóni Friðgeirssyni, Jóni Stefánssyni, Sæbakka, Djúpa-
vogi, og konu Jóns Stefánssonar, Unu, og hafi Una ekið bifreiðinni.
Ákærði kvaðst hafa í eitt skipti á dansleiknum verið staddur við afgreiðslu-
borð í ölsölu samkomuhússins og verið að versla þar, er nefndur skipstjóri
hafi komið að honum með ruðningi og frekju og hafi hann ætlað að ýta
ákærða til hliðar með olnboganum. Hafi ákærði þá slegið skipstjóran í
höfuðið með krepptum hnefa. Hafi sljákkað í skipstjóranum við þetta og
hafi þeir gengið saman út undir einn vegg samkomuhússins og tekið tal
saman. Sagði ákærði, að hann hafi þá ekki ætlað sér að gera meira úr
þessum útistöðum þeirra. Hafi skipstjórinn skyndilega slegið til ákærða,
þar sem þeir töluðu saman, en höggið hafi geigað. Hafi ákærði slegið skip-
stjóran aftur í höfuðið með krepptum hnefa, líklega 2—3 högg. Ákærði
kvaðst ekki muna, með hvorri hendinni hann sló né hvar höggið lenti á
höfði skipstjórans. Ákærði kvaðst vera réttthentur, en hafa orðið fyrir
meiðslum á hæ: hendi og beiti því vinstri hendinni við viss átök.

Ákærði kvað dyraverði hafa haft afskipti af átökunum, en hann mundi ekki nánar, hvernig þau afskipti voru. Hafi Margrét Sigurðardóttir, kærasta ákærða, talað við skipstjórann, meðan dyraverðir voru á vettvangi. Hafi skipstjórinn þá slegið til Margrétar og hrækt eða frussað einhverju á hana. Ákærði kvaðst þá hafa ráðist aftur á skipstjórann, en hann mundi ekki, hvort hann hafi náð taki á skipstjóranum eða slegið hann, áður en dyraverðir skildu þá að og létu þá síðan út úr húsinu. Hafi verið úrhellisrigning úti og ákærði orðið gegnvotur, strax og út var komið. Hafi ákærði og skipstjórinn staðið andspænis hvor öðrum fyrir utan anddyri samkomuhússins og hafi ákærði þá slegið skipstjórann með krepptum hnefa í höfuðið. Hafi skipstjórinn hrökklast aftur á bak við höggið, snúið sér við og gengið á milli tveggja kyrrstæðra bifreiða. Ákærði kvað skipstjórann hafa rífið loftnetsstöng af annarri bifreiðinni. Hafi ákærði tekið loftnetsstöng þessa af skipstjóranum og rétt hana ökumanni bifreiðarinnar. Ákærði kvaðst síðan hafa tekið í skyrtubrjóst skipstjórans og lagt hann upp á næstu bifreið. Hafi þá borið að tvo lögreglumenn. Minnti ákærða, að lögreglumenn hafi farið með skipstjórann að lögreglubifreiðinni.

Ákærði hefur borið, að skipstjórinn hafi aldrei komið á sig höggi, enda minnti hann, að skipstjórinn hafi ekki reynt að slá til sín nema einu sinni. Ákærði kvaðst hafa slegið til skipstjórans að fyrri bragði, eftir að út var komið. Hann kvaðst hafa verið hræddur um, að skipstjórinn vildi borga fyrir það, sem á undan var gengið.

Margrét Þóra Sigurðardóttir skýrði svo frá fyrir dómi 25. mars 1980, að á greindum dansleik hafi hún veitt athygli manni nokkrum, sem fylgdi ákærða Rikharði Erni og hreytti í hann ónotum. Hafi þeir ákærði og ókunni maðurinn eitthvað verið að stimpast, en vitnið kvaðst ekki hafa verið vitni að því. Kvaðst hún hafa gengið til manns þessa og sagt við hann eitthvað á þá leið, að hann ætti ekki að vera með þennan barnaskap. Hafi maðurinn gefið henni kinnhest, ekki þó mjög fastan. Hún kvaðst hafa gefið mannum kinnhest á móti og hafi sprungið fyrir á vör hans. Hafi maðurinn þá frussað blóðinu á sig og hrint sér frá. Hún kvað ákærða Rikharð Örn hafa séð þetta og hafi maðurinn og ákærði byrjað aftur að stimpast. Hafi þeir reynt að slá hvor til annars, en þó „ekki beint“ með krepptum hnefum. Hún kvaðst ekki muna til þess, að maður sá, sem ákærði tókst á við, hafi orðið fyrir höggi í andlitið í þessum slagsmálum. Hafi dyraverðir skilið mennina að og hent þeim báðum út úr húsinu. Margrét Þóra kvaðst hafa farið út úr samkomuhúsinu rétt á eftir þeim ákærða og hafi þeir þá slegist í ausandi rigningu fyrir framan samkomuhúsið. Hún kvaðst ekki muna vel eftir atburðarásinni, eftir að út var komið, en hana minnti, að lögregla hefði skilið mennina að og farið með nefndan mann inn í lögreglubifreið, sem stóð við samkomuhúsið. Hún kvaðst hafa farið í fylgd ákærða

í bifreið þá, sem ók þeim aftur til Djúpavogs, og hafi hún séð í þann mund sem bifreiðin fór af stað, að nefndur maður kom út úr lögreglubifreiðinni og gekk aftur fyrir samkomuhúsið.

Vitnið Benedikt H. Benediktsson kom fyrir dóm 25. mars 1980, og staðfesti hann þá framangreinda skýrslu sína. Sagði vitnið, að úrhellisrigning hafi verið, þegar þessir atburðir gerðust, og hafi Kristinn Laxfoss verið ósjálfbjarga og hafi vitnið staðið í þeirri trú, að það hefði verið sökum ölvunar. Vitnið kveðst ekki muna til þess, að það hafi haft önnur afskipti af Kristjáni Laxfoss á dansleiknum en komu fram í skýrslu vitnisins. Hafði vitnið ekki annað að segja um atburði þessa.

Vitnið Jón Aðalsteinn Stefánsson kom fyrir dóm 24. júlí 1980. Kvaðst vitnið hafa verið mjög drukkíð á greindum dansleik í Staðarborg og lítið muna eftir atvikum. Vitnið kvaðst ekki hafa séð slagsmálin milli Kristjáns Laxfoss og ákærða, en taldi, að fyrrverandi eiginkona vitnisins, Una Georgsdóttir, sem vitnið sagði búa í Svíþjóð, hefði séð þau. Hafi Una ekið vitninu, ákærða og Margréti Sigurðardóttur á dansleikinn og hafi hún verið sú eina í þeim hópi, sem ekki var undir áhrifum áfengis. Vitnið kvaðst ekki hafa frétt það fyrr en löngu seinna, að Kristinn Laxfoss hefði kjálkabrotnað á dansleiknum. Vitnið kvaðst ekki muna, hvað þeim hjónum hefði farið á milli varðandi greinda atburði á dansleiknum, eftir að þau fréttu um meiðsli Kristjáns Laxfoss.

Sannað er með framburði ákærða sjálfs, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði réðst margsinnis á Kristján Laxfoss á dansleik í Staðarborg 5. nóvember 1978 og sló hann með krepptum hnefum í höfuðið, síðast fyrir utan samkomuhúsið.

Ekkert hefur komið fram í máli þessu, sem gerir það sennilegt, að Kristján hafi hlotið meiðsli sín á annan hátt en fyrir tilverknad ákærða, en lögreglan hafði afskipti af Kristjáni, skömmu eftir að ákærði hafði slegið Kristján utan við samkomuhúsið.

Leggja ber til grundvallar í málinu, að Kristján Laxfoss hafi sýnt ákærða nokkra áreitni með því að reyna að ryðja ákærða frá afgreiðsluborði í ölsölu samkomuhússins. Hins vegar verður að líta svo á, að þessi háttsemi Kristjáns geti engan veginn hafa gefið ákærða tilefni til hinna hörðu og ítrekuðu árása, en eftir því, sem fram hefur komið í málinu, hefur Kristján Laxfoss verið orðinn bjargarlaus, að öllum líkindum sökum ölvunarástands síns, þreytu og eða höfuðhögga af hendi ákærða.

Þykir ákærði hafa unnið til refsingar samkvæmt 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en afleiðingar árása ákærða á Kristján Laxfoss eru með þeim hætti samkvæmt framlögðu vottorði læknis sem í þeirri grein segir.

Samkvæmt sakarvottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1974 11/5 í Vestmannaeyjum: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1975 15/7 í Kópavogi: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 6., sbr. 67. gr. lögreglusamþykktar Kópavogs og 21. gr. áfengislaga, 38. og 50. gr. umferðarlaga.
- 1977 15/7 í Kópavogi: Uppvís að broti á 254. gr. almennra hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 15. apríl 1977.
- 1977 23/12 í Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1978 12/4 í Kópavogi: Sátt, 65.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá 31. október 1977.

Með vísan til aldurs ákærða og þess, að ákærði hefur ekki áður sætt refsingu fyrir líkamsmeiðingar, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að 3 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Jón Hjaltason hæstaréttarlögmaður hefur af hálfu Kristjáns Laxfoss gert skaðabótakröfu á hendur ákærða, samtals að upphæð 1.649.803 gamlar krónur. Krafan er þannig sundurliðuð:

„1. *Vinnutekjutap.* Miðað við tekjur, er Kristján varð af vegna slyssins, tekin jafnaðarveiði bátanna Krossaness SU-5 og Drífu SU-4, kr. 8.789.989, en þar af er hásetahlutur kr. 311.996.- en skipstjórahlutur tvöfalt eða kr. 645.992.00

Orlof 8.33% þar af — 53.811.00

2. *Útlagt vegna slyssins:*

A. Flugfar gr. Vængjum og Flugf. — 21.730.00

B. Greitt bifreiðakostnað vegna lækna — 20.280.00

C. Greitt Kópavogsapóteki lyf — 650.00

D. Greitt Jóni Viðari Arnarsyni, tannl. — 17.740.00

E. Greitt Skúla O. Kristjánssyni tannl. — 7.400.00

F. Tannsmíði á neðri gómi skv. mati Skúla O. Kristj. tannlæknis — 360.000.00

G. Áverkavottorð Borgarspítala — 4.000.00

H. Greitt Árna Halldórssyni, gagnas.	kr.	18.280.00
3. Miskabætur, bætur fyrir þjáningar, lýti og óhagræði, röskum á stöðu og högum og allt óbeint tjón	—	500.000.00

Samtals kr. 1.649.803.00

ásamt með vöxtum, eins og lög frekast leyfa, frá 4. nóvember 1978 til greiðsludags auk lögmannspóknunar minnar í sambandi við gagnaöflun samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.“

Fjárhæð í lið 1 er fengin með því að taka jafnaðarveiði bátanna Krossaness, SU 5, frá 4.—13. nóvember og Drífu, SU 4, frá 4.—15. nóvember 1978 samkvæmt vottorði Fiskifélags Íslands.

Lagðir hafa verið fram reikningar til stuðnings kröfulið 2.

Af hálfu ákærða hefur liðum 1 og 2 ekki verið mótmælt, en miskabóta-kröfum hefur verið mótmælt sem of háum. Verjandi ákærða hefur krafist lækkunar á skaðabótakröfu vegna eigin sakar bótakrefjanda.

Þykir mega taka 1 og 2 til greina, en eftir atvikum þykir ekki rétt að skipta sök í þessu máli.

Ekki hafa verið lögð fram gögn sérstaklega vegna 3. liðs. Þykir rétt með hlíðsjón af framlögðu læknisvottorði að ákærði greiði bótakrefjanda miskabætur vegna þjáninga, kr. 3.000.00. Með vísan til 145. gr. laga nr. 74/1974 þykja ekki efni til að dæma innheimtulaun vegna fjárkröfu, sem höfð er uppi í opinberu máli.

Ber því að dæma ákærða að greiða Kristjáni Borgþór Laxfoss Harðarsyni (sic) alls kr. 14.498.03 með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum frá 5. nóvember 1978 til greiðsludags.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500.00, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 2.500.00.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Rikharður Örn Jónsson, sæti fangelsi í 6 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að 3 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Ákærði greiði Kristjáni Borgþór Laxfoss Hávarðarsyni 14.498.03 í skaðabætur ásamt hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum frá 5. nóvember 1978 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 2.500.00, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.